

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989–2009.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, frá 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. október 1990 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Ísafjarðar 1989–2009.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur samþykkt hann og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar ráðherra.

Jafnframt er úr gildi felldur uppdráttur af aðalskipulagi Ísafjarðar, sem staðfestur var af ráðuneytinu 20. september 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 442

AUGLÝSING

31. október 1990

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Grenivíkur.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Grýtubakkahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 10. október 1990, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Grenivíkur að reitur A, sem er grænt svæði vestur af grunnskólanum stækkar og landnotkun breytist úr opnu grænu svæði í íþróttasvæði.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Nr. 443

AUGLÝSING

31. október 1990

um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi Suður-Seláss í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarráðs Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 10. október 1990, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi Suður-Seláss að leikvöllur við Skógarás verður færður á grænt svæði austur við lóðirnar Skógarás 13–17 og núverandi leikvöllur verður bifreiðastæði.

Félagsmálaráðuneytið, 31. október 1990.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.